



FRÆDSLUMÍÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

Ársskýrsla 2003

Efnisyfirlit

Greinargerð til menntamálaráðuneytisins um starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á árinu 2003	3
Opnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	3
Stjórn	3
Starfsmenn	3
Húsnæði og vinnuaðstaða	3
Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið	4
Fjárhagur	4
Starfsemi á fyrri hluta ársins	5
Þarfagreiningar og innihaldslýsingar	5
Námsráðgjöf	5
Kennslufræði	5
Mat á raunfærni	6
Gagnagrunnur	6
Námsefnisgerð	6
Starfsemi á síðari hluta ársins	6
Þjónustu- og samstarfssamningar	6
Húsfélag	7
Þarfagreiningar – námsskrárgerð á nýjum námstilboðum	7
Námsskrárgerð eldri verkefna	7
Gátt vegna tilbúinna námskeiða	8
Námsráðgjöf	8
Kennslufræði	8
Mat á raunfærni og óformlegu námi	9
Nemendabókhald – námsferilsskrá	9
Gagnagrunnur um námstilboð	9
Önnur samstarfsverkefni, kynningar og fyrirlestrar	9
Ráðstefna um símenntun	9
Vottun fræðsluaðila - Mennt	10
Kynningar	10
Fylgiskjöl	11
Almennir samningsskilmálar	11
Verkátun 2003	12
Markmið og árangur verkefna 2003	13
Yfirlit yfir verkefni hjá Mími-símenntun, sem haldin eru fyrir markhóp FA	14

Greinargerð til menntamálaráðuneytisins um starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á árinu 2003

Opnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var opnuð formlega þann 21. nóvember. Menntamálaráðherra heiðraði samkomuna með nærveru sinni og flutti ávarp. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnti starfsemina. Fulltrúi markhóps FA talaði gegnum fjarfundarbúnað frá Akureyri. Fjöldi manns var viðstaddur opnunina.

Stjórn

Stjórnarmenn FA árið 2003 voru: Jón Sigurðsson, formaður, Gylfi Arnbjörnsson, varaformaður, Emil B. Karlsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Garðar Vilhjálmsson og Ingi Bogi Bogason. Jón Sigurðsson lét af starfi sem formaður stjórnar og Gústaf Adolf Skúlason tók við 11. desember. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Gústaf Adolf Skúlason til 11. desember, Jónína Gissuardóttir, eftir 11. desember.

Stjórnin hélt 28 fundi á árinu.

Starfsmenn

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri og hóf störf um miðjan júní. Starfsmenn voru ráðnir sem hér segir: Fjóla María Lárusdóttir í 62% starf 1. ágúst, Guðmunda Kristinsdóttir í 100% starf frá 21. ágúst, Ásmundur Hilmarsson í 50% starf frá 8. september og 100% starf frá 20. nóvember. Tryggvi Thayer og Sigrún Jóhannesdóttir voru verkefnaráðin í skamman tíma í lok ársins.

Húsnæði og vinnuaðstaða

Leigt var húsnæði fyrir starfsemina frá 1. júlí á Grensásvegi 16 a og 16. Húsnæðið er um 1550 fm. Mímir-símenntun leigir húsnæði af FA frá sama tíma.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur búið um sig á 2. hæð á Grensásvegi 16 a. Mímir-símenntun er með skrifstofuhúsnæði á 1. hæð. Kennslustofur eru á 1. og 3. hæð en á Grensásvegi 16 eru u.þ.b. 10 kennslustofur. Góð fundaraðstaða er í húsinu.

Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, hefur ákveðið að leigja húsnæði á Grensásvegi 16a frá og með áramótum. Símenntunarmiðstöðvum verður boðið

að hafa fría fundaraðstöðu í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í samstarfssamningi milli hlutaðeigandi aðila.

Skrifstofuaðstaða með skrifborðum, stólum, síma og öðrum nauðsynlegum tækjum var tilbúið í byrjun september. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerði rekstrarleigusamning við ATV um tölvur og annan tækjabúnað s.s. prentara, ljósritunarvél, skjávarpa. Greiðslur hefjast árið 2004. Auglýsingastofan Skaparinn sá um að hanna merki fyrir Fræðslumiðstöðina og útbúa prentgögn. Vefur samskiptalausnir hannaði heimasíðuna, sem er www.fraedslumidstod.is.

Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið

Starfs- og verkáætlanir ásamt fjárhagsáætlun voru sendar inn til menntamálaráðuneytis eins og þjónustusamningur segir til um fyrir 1. september. Í framhaldi var haldinn samráðsfundur milli aðilanna þann 15. október. Á fundinn komu Karl Kristjánsson, Þórir Ólafsson og Jens Pétur Hjaltested af hálfu ráðuneytisins og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Fjárhagur

Áður en FA var stofnað var unnin ítarleg greiðsluáætlun fyrir fyrsta starfsár félagsins. Í áætluninni var tekið tillit til undirbúnings og stofnkostnaðar auk rekstrar á árinu. Tekjur og gjöld voru áætluð 60.500.000,- en í þeim tölum var tekið tillit til undirbúningskostnaðar. Tekjur ársins 2003 urðu kr. 5.000.000,- lægri en gert var ráð fyrir í áætlunum vegna seinkunar á verkefnum og sértekjum í tengslum við þau. Í áætlunum var gert ráð fyrir fjárfestingum í tölvukerfum og hugbúnaði en sá búnaður var tekinn á rekstrarleigu. Miðað við áætlun var minna fjárfest í húsbúnaði á árinu en hluti af þeirri fjárfestingu mun flytjast á árið 2004. Fjárfesting í fjarfundarbúnaði er eignfærður í ársreikningi og afskrifaður á þremur árum. Þegar kom að því að hefja rekstur félagsins var tekin ákvörðun um að vanda undirbúning verkefna sem best og tók sá undirbúningur lengri tíma en gert var ráð fyrir. Starfsmenn voru ráðnir til félagsins þegar undirbúningi að verkefnum var lokið en það var nokkru seinna en upphaflega var áætlað. Af sömu ástæðu var mun minni fjármunum varið til kaupa á sérfræðiþjónustu. Miðað við áramót var óráðstafað af framlagi ársins 2003 vegna launa, sérfræðiþjónustu og tengdum verkefnum kr. 20.400.000,- miðað við fjárhagsáætlun. Í ársreikningi 2003 var þessi fjárhæð færð til lækkunar tekna og meðal skulda sem fyrirfram greiddur kostnaður. Gerð er grein fyrir verkefnum sem fluttust milli ára í greinargerð. Um frekari upplýsingar vísast í ársreikning félagsins.

Starfsemi á fyrri hluta ársins

Frá því Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð og þangað til framkvæmdastjóri var ráðinn 16. júní hélt Mímir-símenntun utan um hlutverk FA. Helstu verkefni sem unnið var að á tímabilinu voru:

Þarfagreiningar og innihaldslýsingar

Unnin var hugmyndavinna, þarfagreining og innihaldslýsing í mismiklum mæli fyrir þau verkefni, sem eru á lista í fylgiskjölum, ásamt því að upplýsingum um verkefni og nemendur er haldið saman í gagnagrunni:

Helstu verkefni voru: Jarðlagnatækni 300 stunda nám fyrir ófaglærða starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur, Símans og fleiri aðila, sem kennt var í fjarfundarbúnaði hjá þremur símenntunarmiðstöðvum um leið og hópi var kennt í Reykjavík. Grunnmenntaskólinn 150 stunda nám í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag og Starfsafl, Landnemaskólinn 120 stunda nám fyrir innflytjendur í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag og Starfsafl. Karlasmíðja 160 stunda langt nám fyrir Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins, Kvennasmiðja 112 stunda langt nám fyrir Félagsþjónustu Reykjavíkur og MFA-skólinn 350 stunda langt nám fyrir Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins. Íslenska fyrir innflytjendur 24 stunda langt nám í samstarfi við Hótel Loftleiði og Starfsafl, 8 íslenskunámskeið fyrir innflytjendur á opnum námskeiðum sem voru frá 16-50 stundir að lengd. 4 sjálfstyrkingarnámskeið fyrir Eflingu-stéttarfélag. Símenntun olúfélaganna og Starfsafl; 7 námskeið á bilinu 5-22 stundir fyrir verkafólk hjá olúfélagunum. Nám fyrir Landspítala, Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar og Áhaldahús Kópavogs.

Undirbúningur var unnin að námsbrautinni Fiskur og ferðaþjónusta. Fyrsti fundur samstarfsaðila var haldinn á Húsavík, þar sem hugmyndin var unnin fyrir þarfagreiningu. Sótt var um fé til Starfsmenntasjóðs félagsmálaráðuneytisins vegna verkefnisins.

Þarfagreining var unnin fyrir starfsgreinaráðið í farartækja- og flutningagreinum.

Námsráðgjöf

Unnið var að undirbúningi hugmynda um námsráðgjöf á vinnustöðum fyrir ófaglært fólk og hugmynda um opna náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði. Sótt var um í starfsmenntasjóð félagsmálaráðuneytisins vegna þessara verkefna. Fjármagn fékkst í „Námsráðgjöf á vinnustað“. Vinna við verkefnið hófst strax á vormánuðum í samstarfi við Starfsafl og Eflingu-stéttarfélag.

Kennslufræði

Námskeið fyrir jarðlagnatækna var undirbúið fyrir kennslu í gegnum fjarfundarbúnað í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á þremur stöðum á landinu.

Valinn var fjarfundarbúnaður, starfsmaður lærði að nota hann og kenndi kennurum í náminu undirstöðuatriði við kennslu í gegnum fjarfundarbúnað. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók fjarfundarbúnaðinn yfir þegar hún hóf starfsemi í eigin húsakynnum.

Í samstarfi við Símenntunarmiðstöð KHÍ, MSS og Fræðslunet Austurlands var haldið námskeið í fullorðinsfræðslu á Austurlandi. Námskeiðið var 20 kennslustundir að lengd og gátu námsmenn unnið verkefni og fengið 2 einingar á háskólastigi.

Mat á raunfærni

Unnið var að færnimöppu, sem er þarfagreiningar- og matstæki fyrir einstaklinga. Nokkrir kennarar hjá Mími-símenntun hafa verið þjálfaðir í notkun færnimöppu í lengri námstilboðum fyrir ófaglært starfsfólk á vinnumarkaði. Færni-mappan er góður grunnur fyrir raunfærnimat og getur verið eitt af þeim tækjum sem notað verður.

Framkvæmdastjóri flutti fyrirlestur um umhverfi sem hvetur til náms fyrir ráðstefnu á vegum Rannsóknarþjónustu háskólans 31. janúar og fyrirlestur um mat á óformlegu námi á ráðstefnu á vegum menntamálaráðuneytisins þann 14. febrúar

Gagnagrunnur

Hafin var skoðun á forritum til að nota sem gagnagrunn fyrir nemendabókhald og til að halda utan um námstilboð.

Námsefnisgerð

Unnið var að gerð námsefnis á vefbundnu formi fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands með styrk frá starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins.

Starfsemi á síðari hluta ársins

Sjá verkefnaáætlun (fylgiskjal).

Þjónustu- og samstarfssamningar

Samningagerðin var undirbúin og yfirfarin af stjórn FA. Stjórnin samþykkti almenna samningsskilmála, sem settir yrðu inn í samninga við samstarfsaðila. (sjá fylgiskjal) Stjórnin skilgreindi þá þjónustu sem innt yrði af hendi í samningunum.

Samningur var gerður við Mími-símenntun 30. október. Samningar við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar voru í undirbúningi á árinu. Framkvæmdastjóri FA kynnti FA á fundi Kvasis í Vestmannaeyjum þann 6. desember. Samningaviðræður við SÍMEY hófust 17. desember með fundi á Akureyri.

Húsfélag

Stjórn skilgreindi þá þjónustu sem veitt yrði í húsfélagi og leigu fyrir húsnæði og aðstöðu. Bréf var sent þann 13. október til fræðsluaðila, sem ASÍ og SA eða aðildarfélög koma að og þeim boðið húsnæði til leigu í húsakynnum FA. Málið var jafnframt kynnt hlutaðeigandi aðilum m.a. á sameiginlegum fundi starfsmanna og stjórnar fræðslumiðstöðva iðngreina 16. desember. Í árslok hafði jákvætt svar borist frá Mennt. Neikvætt svar barst frá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, Sjómennt, Fræðslumiðstöð bílgreina. Starfsafl og Landsmennt óskuðu eftir að svara síðar þar sem ekki hafði verið samið um framtíð þeirra. Aðrir voru með málið í skoðun. Húsnæðismál til framtíðar eru háð því hvernig undirtektir þessi hugmynd um húsnæðissamvinnu fær, þess vegna var ekki lögð vinna í hana á árinu.

Þarfagreiningar – námsskrángerð á nýjum námstilboðum

Gerð var þarfagreining fyrir Umhverfissvið Reykjavíkurborgar í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag. Í september var lokið við þarfagreiningu á 48 stundum af 120.

Í nóvember hófst þarfagreining fyrir SVP, Hagkaup, Kaupás, Húsasmiðjuna og Samkaup vegna fagnáms í verslunarfræðum. Mun henni ljúka í mars 2004. Ljóst er að um langt nám verður að ræða.

Undirbúningur hófst að þarfagreiningu fyrir verkefnið Fiskur og ferðaþjónusta, sem er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar, Starfsgreinasambands Íslands, Verkalýðsfélags Húsavíkur, Markhús og nokkurra fyrirtækja á Húsavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Beðið er eftir svar frá Landsmennt um styrk til verkefnisins.

Gert var tilboð í þarfagreiningu vegna fiskvinnslunámskeiða fyrir Samtök fiskvinnslustöðva og Starfsgreinasamband Íslands, en ekki fékkst svar við því tilboði á árinu. Ástæðan er rakin til sjóðspurrðar hjá Landsmennt.

Ósk barst frá Menntafélagi byggingariðnaðarins og Starfsgreinasambandi Íslands um samstarf, en undirbúningur er á byrjunarstigi.

Námsskrángerð eldri verkefna

Undir þessum lið er markmiðið að yfirfara námsskrár samstarfsaðila FA til að þær mæti þeim kröfum sem gerðar verða vegna mats til eininga á framhalds-

skólastigi. Verið er að móta gæðaviðmið og yfirfara námsskrár hjá Mími-símenntun í samræmi við samstarfssamning. Vinnan er unnin í nánú samráði við matsnefnd menntamálaráðuneytisins, sem í eru Þórir Ólafsson og Ólafur Grétar Guðmundsson frá ráðuneytinu, Sölvi Sveinsson frá Félagi framhaldsskóla og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir frá FA. Áætlað er að fyrstu námsskrár verði tilbúnar í maí.

Unnið er að hugmyndum um það hvernig námsskrárnar verði kynntar á vef FA.

Gátt vegna tilbúinna námskeiða

Þetta verkefni er á byrjunarstigi. Ljóst er að það mun tengjast kynningu á þeim námstilboðum (námskrám), sem kynnt verða á vef FA, bæði nýjum námskrám og námskrám eldri verkefna hjá samstarfsaðilum. Þar sem bæði verkefnin eru skammt á veg komin hefur þetta verkefni dregist.

Námsráðgjöf

Undirbúningur vegna ráðgjafar hófst á sumarmánuðum með þátttöku Ingibjargar Guðmundsdóttur í ráðstefnu á vegum Leonardo í Noregi 26. og 27. júní.

Lagt var upp samstarf við Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur, HÍ um málefnið og var haldinn einn fundur með henni þann 5. desember.

Vinna við verkefnið „Námsráðgjöf á vinnustað“ í samstarfi við Starfsafl, Eflingu-stéttarfélag, Mími-símenntun og ýmis fyrirtæki og stofnanir hófst á haustmánuðum. Í verkefninu er lögð áhersla á að ná til markhóps FA með námsráðgjöf. Í upphafi er aðaláhersla á að leita leiða til að nálgast hópinn. Jafnframt er upplýsingum safnað um þarfir og áhugasvið markhópsins. Um 40 manns komu í einstaklingsráðgjöf, sumir þeirra komu tvisvar eða oftar í ráðgjöf.

Leitað er leiða til þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum á sviðinu. Í undirbúningi er umsókn um mannaskipti í Leonardo áætlunina til að heimsækja Valideringscenter í Svíþjóð.

Kennslufræði

Á haustmánuðum hófst undirbúningur að uppbyggingu kennslufræðimiðstöðvar með stefnumótun og uppbyggingu bókakosts og gagna. Drög voru lögð að gæðastöðlum og viðmiðum fyrir samstarf og hugmyndir að kennslufræðinámskeiðum fyrir samstarfsaðila FA. Mótaður var hópur sérfræðinga frá kennslufræðideildum háskóla til ráðgjafar um kennslufræðimiðstöð FA. Í þeim hópi eru Hróbjartur Árnason, KHÍ, Guðrún Geirsdóttir, HÍ og Anna Þóra Baldursdóttir, HA. Hópurinn hittist einu sinni á árinu þann 19. desember. Ekki tókst að halda fyrstu námskeiðin á árinu 2003. Áætlað er að fyrsta námskeið

verði haldið í mars 2004. Ástæðan fyrir seinkun verkefna er að hægar gekk að semja við símenntunarmiðstöðvar en áætlað hafði verið og sérfræðingur til að sinna verkefninu því ráðinn síðar til starfa en áætlað hafði verið.

Mat á raunfærni og óformlegu námi

Undirbúningur hófst að mati á óformlegu námi og raunfærni með tilnefningu menntamálaráðuneytis í hóp til að fjalla um málið. Í hópnum eru Ólafur Grétar Guðmundsson og Þórir Ólafsson frá menntamálaráðuneytinu, Sölvi Sveinsson, sem kom síðar inn í hópinn fyrir hönd Félags framhaldsskóla, og Ingibjörg Guðmundsdóttir, FA. Fyrsti fundur var haldinn (áður en Sölvi Sveinsson var tilnefndur) 15. september. Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sölvi Sveinsson og Ólafur Grétar Guðmundsson sóttu ráðstefnu í Svíþjóð um mat á raunfærni 17. og 18. nóvember. Undirbúningur hófst að heimsókn Torild Nilsen Mohn frá VOX í Noregi til að vinna með starfsmönnum FA að undirbúningi vegna raunfærnimats. Áætlað er að fyrstu niðurstöðu hópsins munu liggja fyrir í maí.

Nemendabókhalld – námsferilsskrá

Á vegum Menntamálaráðuneytisins var gerð úttekt á gagnagrunninum Mennt.is, sem Mennt hefur byggt upp og haldið utan um. FA tók þátt í þessari úttekt með þarfagreiningu á starfsemi FA. Bjarni Júlíusson vann þarfagreininguna. Í framhaldi af niðurstöðum ákvað stjórn FA að gera nánari úttekt á þörfum FA og hugsanlegum samlegðaráhrifum við Innu, sem er gagnagrunnur framhaldsskólanna. En þessi tillaga kom fram í skýrslu Bjarna. Þessi úttekt er í undirbúningi og er áætlað að henni verði lokið fyrir haustið.

Gagnagrunnur um námstilboð

Úttekt verður gerð á þörfum FA um gagnagrunn fyrir námstilboð um leið og úttekt verður gerð á þörfum vegna nemendabókhallds – námsferilsskráa. Bjarni Júlíusson mun framkvæma fyrsta skrefið í þeirri úttekt á vormánuðum 2004. Niðurstöður liggja væntanlega fyrir í haust.

Önnur samstarfsverkefni, kynningar og fyrirlestrar

Ráðstefna um símenntun

Í undirbúningi er ráðstefna um símenntun, sem haldin verður á vormánuðum í samstarfi Rannsóknarþjónustu Háskólans, ASÍ, SA, menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins með styrk frá Leonardo menntaáætluninni. Ráðstefnan mun fjalla um mat á raunfærni og fjármögnun náms.

Vottun fræðsluaðila - Mennt

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun taka þátt í íslenskum faghópi Menntar vegna erlends samstarfsverkefnis um vottun fræðsluaðila. Fyrsti fundur hópsins verður í ársbyrjun 2004.

Greining á lestrarskilningi

Í samvinnu við Starfsafl og Eflingu-stéttarfélag var kannað hvort mögulegt sé að aðstoða Guðmund B. Kristinsson, KHÍ og Elísabetu Arnardóttur, talmeinafræðing á Reykjalundi við að koma af stað læsiskönnun, þar sem er prófað og aðlagð tæki til að greina lestrarskilning fullorðinna.

Kynningar

Starfssemi FA hefur verið kynnt víða m.a. hjá Símenntunarmiðstöðinni Visku í Vestmannaeyjum þann 10. september, á fundi hjá ANIMATE verkefninu þann 25. september, á ársfundi ASÍ þann 23. október og á misserisþingi í Kennaraháskóla Íslands 7. nóvember.

Fundur með Jóni Torfa Jónassyni

Framkvæmdastjóri FA leitaði eftir því við Jón Torfa Jónasson að vera Fræðslumiðstöðinni til sérfræðilegrar aðstoðar og leiðbeininga um ýmis fagleg mál. Haldinn var fundur með Jóni Torfa 30. desember.

Fylgiskjöl

Almennir samningsskilmálar

- 1) Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er samstarfsvettvangur ASÍ og SA. Hún er m.a. fjármögnuð af opinberu fé samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið og skal starfa til almannaheilla óháð búsetu. Öll verkefni og framkvæmd þeirra skulu samrýmast samþykktum FA og þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.
- 2) Framfylgt verði formlegu gæðakerfi og gæðamati sem FA þróar og/eða viðurkennir á hverjum tíma.
- 3) Framfylgt verði skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.
- 4) Fyllstu upplýsingar um verkefni og framkvæmd séu jafnan aðgengilegar.
- 5) Upplýsingar um verkefni og framkvæmd séu lagðar fram með þeim hætti sem FA fer fram á.
- 6) FA sé getið í allri kynningu og kynningargögnum vegna sameiginlegra verkefna.
- 7) Tryggð séu réttindi og aðstaða námsmanna til að ljúka skilgreindu námi eða námsáfangu á tilsettum tíma hverju sinni.

Verkátlan 2003 – júní til desember

	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	
	1.-15.	16.-31.	1.-15.	16.-30.	1.-15.	16.-31.
Starfið:						
Húsgögn í skrifstofur	■	■				
Tölvur í skrifstofur	■	■				
Síma- og nettenging	■	■				
Merki tilbúið	■	■				
Prentgögn	■	■				
Vefur - heimasíða	■	■	■	■		
Ráðningar starfsfólks	■	■	■	■		
Leigusamningur við Mími	■	■	■	■		
Svara Mennt vegna Mennt.is	■	■	■	■		
Bréf til Ríkisskattstjóra v.vsk.	■	■	■	■		
Verðlagning þjónustu	■	■	■	■		
Samráðsfundur í Menntamálar.	■	■	■	■		
Skila starfs- og verkátlan 2004 - MMR	■	■	■	■		
Skila fjárhagsátlan 2004 - MMR	■	■	■	■		
Opnun Fræðslumiðstöðvar atv.l.	■	■	■	■		
Heimsókn til Eyja	■	■	■	■		
Þjónustusamningar:						
Mímir-símenntun	■	■	■	■	■	■
Fræðslumiðstöðvar iðngreina	■	■	■	■	■	■
Símenntunarmiðstöðvar	■	■	■	■	■	■
Húsfélag						
Byggja upp þjónustuhugmynd	■	■	■	■	■	■
Fá fræðsluaðila inn í húsnæðið	■	■	■	■	■	■
Húsnæðismál til framtíðar	■	■	■	■	■	■
Þarfagreiningar-námsskrágerð - ný:						
Samtök fiskvinnuslustöðva-SGS	■	■	■	■	■	■
Samtöl verslunar og þjónustu	■	■	■	■	■	■
Menntafélag bygg.-SGS	■	■	■	■	■	■
"Fiskur og ferðaþjónusta"	■	■	■	■	■	■
Umhverfis- og tæknisvið Rvk.	■	■	■	■	■	■
Námsskrágerð eldri verkefna:						
Vinna námsskrár skv. þjónustusamn.	■	■	■	■	■	■
Setja námsskrár inn á vefinn	■	■	■	■	■	■
Gátt v. framkvæmdar tilbúinna námsk.						
Námsráðgjöf						
"Námsráðgjöf á vinnustaðnum"	■	■	■	■	■	■
Upplýsingasöfnun	■	■	■	■	■	■
Leit að samstarfsverkefnum	■	■	■	■	■	■
Kennslufræði						
Stefnumótunarvinna / undirbúningur	■	■	■	■	■	■
Fyrstu námskeið	■	■	■	■	■	■
Mat á raunfærni og óforml. námi						
Móta samstarfshóp	■	■	■	■	■	■
Stefnumótunarvinna	■	■	■	■	■	■
Fyrstu niðurstöður	■	■	■	■	■	■
Nemendabókhalda - námsferilsskrár						
Undirbúningsvinna	■	■	■	■	■	■
Gagnagrunnur um námstækifæri						
Undirbúningsvinna	■	■	■	■	■	■
Samstarfsverkefni:						
Ráðstefna um símenntun - Ranns.þj.	■	■	■	■	■	■
Vottun fræðsluaðila - Mennt	■	■	■	■	■	■

Skýring á litum.
Blái liturinn táknar samfellda vinnu að verkefnum.
Gulur liturinn táknar afurð eða niðurstöðu.

Markmið og árangur verkefna 2003

Tegund verkefnis	Fjöldi verkefna	Fjöldi einstakl. sem verkefnin snerta	Meðal kennslustunda fjöldi	Nemendastundir samtals
Fræðsla annarra aðila, sem FA veitir þjónustu	10 verkefni Framkvæmt: 46 verkefni	100 manns Framkvæmt: 508	100 Framkvæmt: 41	10.000 Framkvæmt: 26.868
Námsskeið sem FA annast	1 verkefni Framkvæmt: 0 verkefni	12 manns Framkvæmt: 0 manns	20 Framkvæmt: 0 kennslust.	240 Framkvæmt: 0 kennslust.
Þarfagreiningar	2 verkefni Framkvæmt: Umhv.sv. Rvk Verslunarnám	5000 manns Framkvæmt: 120 manns 7.000 manns	40 Framkvæmt: 48 af 120 kst. Verið að vinna.	20.000 (5.760) Verið að vinna
Ráðgjöf	1 verkefni Framkvæmt: Námsráðgjöf á vinnustað	50 manns Framkvæmt: 40 manns	1 Framkvæmt: 1,7	50 Framkvæmt: 67,5
Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni	2 verkefni Framkvæmt: 5 fyrirlestrar	100 manns Framkvæmt: 320 manns	10 Framkvæmt: 1	1.000 Framkvæmt: 320

Yfirlit yfir verkefni hjá Mími-símenntun, sem haldin eru fyrir markhóp FA

Almenn námsskeið:	Konur	Karlar	Kennslust.	Nem.st.
Grunnmenntaskólinn	7	2	150	1.350
Vaxandi/Landsp.	36	3	10	390
Hreinsunardeild Rvk.borgar	1	17	20	360
Símenntun oliufélaganna og Starfsafis:				
Fingrasetning	3	3	10	60
Enska tal- og fagmál	5	1	20	120
Fjármál heimila	5	1	12	72
Sjálföryggi v/erf.viðskiptam.	10	4	12	168
Hver tók ostinn minn	9	9	5	90
Tölvugr. Windows og Internet	6	5	22	242
Um bílinn	6	2	12	96
Sjálfstyrking	5	7	12	144
Tölvugrunnur	5	6	22	242
Tölvugrunnur	2	9	22	242
Excel f/byrjendur	2	5	13	91
Sjálföryggi í samskiptum	2	4	12	72
Um bílinn	5	3	12	96
Starfsmenntanámsskeið:				
Starfsmenn áhaldahúsa		19	52	988
Jarðlagnatækni		30	300	9.000
Samsetning á hitaveiturörum		1	15	15
GPS námskeið		6	5	30
Námsskeið fyrir atvinnulausa:				
Kvennasmiðjan	10		112	1.120
Karlasmiðjan		12	160	1.920
MFA-skóli	12	1	350	4.550
Námsskeið fyrir innflytjendur:				
Landnemaskólinn	11	5	120	1.920
Hótel Loftl./íslenska f/útlend.	11		24	264
Íslenska I	4	3	20	140
Íslenska I	5	5	20	200
Íslenska frh.	3	1	20	80
Íslenska lengra komnir	5	2	20	140
Íslenska II	5	4	20	180
Íslenska I	2	5	20	140
Íslenska I	6	1	20	140
Íslenska I	4	5	16	144
Íslenska I	3	1	16	64
Íslenska I	4	1	50	250
Íslenska II	5	3	20	160
Íslenska frh.	1	5	20	120
Íslenska II	4	4	20	160
Námsskeið fyrir stéttarfélag				
Sjálfstyrking I	11		12	132
Sjálfstyrking I	15		12	180
Sjálfstyrking II	16		12	192
Sjálfstyrking II	18		12	216
Sjálfstyrking I	14	2	12	192
Sjálfstyrking I	12		12	144
Sjálfstyrking II	10		12	120
Sjálfstyrking á pólsku	6	5	12	132
Samtals:	306	202	1.882	26.868
Fjöldi þátttakenda	508			
Fjöldi námskeiða:	46			
Meðallengd námskeiðs:	41			